

Kaupfélag Borgfirðinga svf.



Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðenda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar og sundurliðanir	10 - 18

Kaupfélag Borgfirðinga svf.
Egilsholt 1
310 Borgarnes
kt. 680169-6679

Skýrsla og áritun stjórnenda

Meginstarfsemi félagsins

Félagssvæði Kaupfélags Borgfirðinga er Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstaður, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Sveitarfélagið Stykkishólmur, Dalabyggð og Reykhólahreppur. Félagsmenn eru 1.908 alls, 1.389 í 15 félagsdeildum og 519 félagar sem standa utan deilda. Kjósa þeir 48 fulltrúa á aðalfund félagsins og fara þeir með atkvæðisrétt á honum. Allir félagsmenn hafa rétt til setu á fulltrúafundum með málfrelsi og tillögurétt.

Meginmarkmið félagsins er „að annast hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir féлага og aðra“ sem og „að efla atvinnu- og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins“ eins og segir í 2. grein samþykktá þess.

Félagið rekur búrekstrardeild sem sérhæfir sig í þjónustu við bændur en er sífellt að auka vöruúrvalið til að koma til móts við aðra viðskiptavinum s.s. gælundýraeigendur, sumarbústaðaeigendur og íbúa á Vesturlandi. Þá er Kaupfélagið þáttakendur í smásölu-, orku- og lyfjamarkaði í samstarfi við önnur félög, þar á meðal samvinnufélög, sem hluthafi í Dröngum hf. Auk þessarar meginstarfsemi þá á félagið fasteignir í útleigu á félagssvæðinu í eigin nafni og sem eini hlutafjäreigandi í fasteignafélaginu Borgarlandi ehf..

Starfsemi á árinu

Stjórn hefur haldið 11 stjórnarfundum síðastliðna 12 mánuði, þar sem fjallað var um starfsemi félagsins.

Tap af reglulegri starfsemi félagsins á árinu 2025 nam kr. 20.914.264.- að teknu tilliti til afkomu hlutdeildarfélags. Afkoma búrekstrardeilda var örlítið lakari en árið á undan. Skýrist það fyrst of fremst af hækkun launa, hækkun flutningskostnaðar og meiri fjárbindingu í lager án nægilegrar aukningu í sölu.

Eigið fé félagsins í árslok var kr. 420.264.038.-

Sjö fastir starfsmenn eru hjá félaginu, auk lausráðins afleysingarfólks. Laun og launatengdar greiðslur til þeirra og stjórnar félagsins námu 89,2 milljónum króna.

Líkt og undanfarin ár verður að segjast að verðbólga og vaxtastig hafi verið helsta áskorun í rekstri félagsins.

Kaupfélagsstjóri og stjórn hafa undanfarin ár leitast við að lækka skuldir félagsins og það var ennfremur haft að leiðarljósi á síðastliðnu rekstrarári. Það var ráðist í endurfjármögnun allra lána Kaupfélagsins og Borgarlands með það að markmiði að lækka afborganir lána. Við erum sáttt við niðurstöðu þessarar endurfjármögnunar þar sem kjör eru góð og mun þetta tryggja stöðugleika í rekstri næstu árin.

Vegna þessara áskorana hefur aðhalds verið gætt í rekstri félagsins en þó hefur verið ráðist í nauðsynlegar endurnýjanir á tækjabúnaði. Einnig hefur nauðsynlegu viðhaldi á fasteignum félagsins verið sinnt. Þar má helst nefna ýmislegt viðhald á Egilsholti þar sem Húsasmiðjan er til húsa og gerð starfsmannaklósetts í Hyrnutorgi.

Þrátt fyrir þessar áskoranir er félagið í ágætri stöðu og telur stjórn að félagið muni vera rekstrarhæft áfram og um fyrirsjáanlega framtíð.

Það er álit stjórnar Kaupfélags Borgfirðinga að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun á tapi ársins.

Skýrsla og áritun stjórnenda

Stjórn og kaupfélagsstjóri Kaupfélags Borgfirðinga staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 11. mars 2026

Stjórn félagsins:



Sigrún Halla Gísladóttir
stjórnarformaður



Hjalti Rósinkrans Benediktsson
varaformaður



Garðar Freyr Vilhjálmsson
meðstjórnandi

Kaupfélagsstjóri:



Margrét Katrín Guðnadóttir



Eggert Kjartansson
ritari



Dagný Sigurðardóttir
meðstjórnandi

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna í Kaupfélagi Borgfirðinga svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Borgfirðinga svf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda* hér fyrir neðan. Við erum óháð Kaupfélagi Borgfirðinga svf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda (framhald)

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Borgarnesi, 11. mars 2026

Rýni endurskoðun ehf.



Theodor Ingi Pálmason
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrartekjur			
Sala		441.510.573	434.784.514
Húsaleiga		67.422.198	64.856.425
Matsbreyting fjárfestingareigna		7.291.477	13.385.924
		<u>516.224.248</u>	<u>513.026.863</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		326.898.037	316.727.158
Laun og launatengd gjöld	3	89.233.553	84.427.318
Annar rekstrarkostnaður		46.533.126	45.495.732
Afskriftir	6	9.750.939	9.692.436
		<u>472.415.655</u>	<u>456.342.644</u>
Rekstrarhagnaður		43.808.593	56.684.219
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	4	(55.657.105)	(63.808.457)
Sölutap eignarhlutar í hlutdeildarfélagi		0	(23.826.789)
Tekjur (gjöld) af verðbréfum		0	5.360.520
		<u>(55.657.105)</u>	<u>(82.274.726)</u>
Áhrif af rekstri dótturfélags	7	(9.065.752)	19.888.585
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi fyrir skatta		(20.914.264)	(5.701.922)
Tekjuskattur	8	0	0
Hagnaður (tap) ársins		<u>(20.914.264)</u>	<u>(5.701.922)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fjárfestingareignir	5	382.280.904	374.989.427
Fasteignir til eigin nota	6	81.800.693	81.355.680
Áhöld og tæki	6	15.448.646	22.356.602
		<u>479.530.243</u>	<u>478.701.709</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í félögum	7	404.520.657	413.586.409
Skuldabréfaeign		11.263.032	10.000.000
		<u>415.783.689</u>	<u>423.586.409</u>
Fastafjármunir samtals		895.313.932	902.288.118
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		106.705.735	106.287.392
Viðskiptakröfur	9	27.810.098	26.157.844
Kröfur á tengda aðila	12	2.055.423	0
Aðrar skammtímakröfur		873.102	2.950.993
Handbært fé		54.415.515	56.020.754
		<u>191.859.873</u>	<u>191.416.983</u>
Eignir samtals		<u>1.087.173.805</u>	<u>1.093.705.101</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2025	2024
Eigið fé	10		
Stofnsjóður og bundið eigið fé		13.413.823	13.391.496
Matsbreyting fjárfestingareigna		189.334.824	182.043.347
Óráðstafað eigið fé		217.515.391	245.721.132
		<u>420.264.038</u>	<u>441.155.975</u>
Skuldir			
Skuldbindingar :			
Tekjuskattskuldbinding	8	<u>7.274.269</u>	<u>7.274.269</u>
		7.274.269	7.274.269
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum	11	602.014.433	228.014.200
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		32.714.265	35.326.748
Skuldir við tengda aðila	12	0	4.587.135
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	11	13.710.218	348.341.775
Aðrar skammtímaskuldir		11.196.582	29.004.999
		<u>57.621.065</u>	<u>417.260.657</u>
Skuldir samtals		666.909.767	652.549.126
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>1.087.173.805</u></u>	<u><u>1.093.705.101</u></u>
Aðrar upplýsingar	13		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		(20.914.264)	(5.701.922)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	9.750.939	9.692.436
Matsbreyting fjárfestingareigna		(7.291.477)	(13.385.924)
Sölutap á hlutdeildarfélagi		0	23.826.789
Aðrir liðir	14	17.624.992	(7.685.181)
		(829.810)	6.746.198
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(2.596.812)	2.255.820
Birgðir		(418.343)	22.609.922
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldur		(25.030.362)	(12.754.930)
		(28.045.517)	12.110.812
Handbært fé frá (til) rekstrar		(28.875.327)	18.857.010
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(3.287.996)	0
Keyptar fjárfestingareignir		0	(6.742.195)
Útgefin skuldabréf		0	(10.000.000)
Afborganir skuldabréfs		1.000.000	0
Seldur eignarhluti í Fóðurlöndunni hf.		0	73.049.115
		(2.287.996)	56.306.920
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting stofnsjóðs		22.327	(132.531)
Afborganir langtímalána		(587.964.243)	(30.953.449)
Ný langtímalán		617.500.000	0
		29.558.084	(31.085.980)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(1.605.239)	44.077.950
Handbært fé í upphafi ársins		56.020.754	11.942.804
Handbært fé í lok árs		<u>54.415.515</u>	<u>56.020.754</u>

Aðrar upplýsingar um sjóðstreymi

14

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið annast hvers konar viðskipti og þjónustu fyrir félaga og aðra, sem og eflir atvinnu- og menningarlíf í héraðinu með beinni eða óbeinni þátttöku félagsins.

Félagið rekur eina verslunareiningu, búrekstrardeild, sem sérhæfir sig í þjónustu við bændur. Þá er félagið þáttakendur í smásölu-, orku- og lyfjamarkaði í samstarfi við önnur félög, þar á meðal samvinnufélög sem, hluthafi í Dröngum hf. Auk þessarar meginstarfsemi þá á félagið fasteignir í útleigu á félagssvæðinu í eigin nafni og sem eini hlutafjareigandi í fasteignafélaginu Borgarlandi ehf.

Kaupfélag Borgfirðinga svf. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Egilsholti 1, 310 Borgarnesi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2.2 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2024. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi.

2.3 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur flust yfir til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

2.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.5 Fjárfestingareignir

Fjárfestingareignir félagsins eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið á fasteignum er stuðst við núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna en áætlað tekjuflæði eignanna eru leigugreiðslur samkvæmt þeim leigusamningum sem eru í gildi fyrir næstu 19 árin. Áætlaður beinn kostnaður er dreginn frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa félaginu til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingareigna í rekstrarreikning. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

Skýringar

2.6 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna eins og hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og tæki	5-10 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.7 Eignarhlutir í félögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélaganna. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeilda í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

2.8 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO).

2.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.11 Stofnsjóður og bundið fé

Stofnsjóður samanstandur af innborgunum og uppreikningi vaxta en bundið fé samanstandur af menningarsjóði. Stofnsjóðseigendur hafa rétt til vaxtagreiðslu en ekki annan rétt til eiginfjár KB en hlut sinn í stofnsjóði.

Skýringar

2.12 Tekjuskattsskuldbinding (-inneign)

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattsskuldbinding svarar að jafnaði til þess tekjuskatts sem eftir gildandi skattalögum, kæmi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2.13 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun	74.267.476	70.228.674
Launatengd gjöld	14.966.077	14.198.644
	<u>89.233.553</u>	<u>84.427.318</u>
Fjöldi ársverka	8	8
Laun og þóknanir til stjórnenda námu 15,7 milljónum króna á árinu.		

4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	Banka- reikningar	Langtíma- eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2025	Samtals 2024
Vaxtatekjur og verðbætur	4.146.268	0	1.695.155	5.841.423	5.518.169
Vaxtagjöld og verðbætur	(87)	(57.070.876)	(4.078.011)	(61.148.974)	(69.186.469)
Gengismunur	0	0	(349.554)	(349.554)	(140.157)
	<u>4.146.181</u>	<u>(57.070.876)</u>	<u>(2.732.410)</u>	<u>(55.657.105)</u>	<u>(63.808.457)</u>
Arður af hlutabréfum				0	5.360.520
				<u>0</u>	<u>5.360.520</u>

5. Fjárfestingareignir

	2025	2024
Bókfært verð 1/1	374.989.427	354.861.308
Viðbætur ársins	0	6.742.195
Matsbreyting fjárfestingareigna	7.291.477	13.385.924
Bókfært verð 31/12	<u>382.280.904</u>	<u>374.989.427</u>

Fjárfestingareignir félagsins í árslok 2025 voru eftirtaldir:

	Fasteignamat	Brunabótamat
Garðagrund 1	49.000.000	146.350.000
Egilsholt 2	233.900.000	529.700.000
Egilsholt 2a	141.400.000	263.800.000
	<u>424.300.000</u>	<u>939.850.000</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2024:			
Bókfært verð í ársbyrjun	83.603.910	29.800.808	113.404.718
Afskriftir	(2.248.230)	(7.444.206)	(9.692.436)
Bókfært verð í árslok	<u>81.355.680</u>	<u>22.356.602</u>	<u>103.712.282</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	104.729.291	65.828.019	170.557.310
Afskrifað samtals	(23.373.611)	(43.471.417)	(66.845.028)
Bókfært verð í árslok	<u>81.355.680</u>	<u>22.356.602</u>	<u>103.712.282</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Árslok 2025:			
Bókfært verð í ársbyrjun	81.355.680	22.356.602	103.712.282
Viðbót ársins	2.737.996	550.000	3.287.996
Afskriftir	(2.292.983)	(7.457.956)	(9.750.939)
Bókfært verð í árslok	81.800.693	15.448.646	97.249.339
Bókfært verð í árslok greinist þannig:			
Kostnaðarverð	107.467.287	66.378.019	173.845.306
Afskrifað samtals	(25.666.594)	(50.929.373)	(76.595.967)
Bókfært verð í árslok	81.800.693	15.448.646	97.249.339

Fasteignamat og vátryggingaverðmæti

Fasteignir félagsins í árslok 2025 voru eftirtaldar:	Fasteignamat	Brunabótamat
Egilsholt 1	143.100.000	273.550.000
	143.100.000	273.550.000

Áhöld og tæki eru vátryggð fyrir 11 milljónir króna.

7. Eignarhlutir í félögum

Eignarhluti í dótturfélagi greinast þannig:

Eignarhlutdeild	Borgarland ehf. Egilsholti 1 100,0%	Samtals
Hlutdeild 1/1	75.300.406	75.300.406
Hlutdeild í afkomu	(9.065.752)	(9.065.752)
	66.234.654	66.234.654

Félagið þarf ekki að semja samstæðureikning þar sem samstæðan fer ekki fram úr stærðarmörkum samkvæmt 68. gr. laga um ársreikninga.

Eignarhlutar í öðrum félögum greinast þannig:	Nafnverð	Bókfært verð
Drangar hf.	57.345.538	336.756.003
Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.	1.000.000	1.000.000
Háskólinn á Bifröst ses.	500.000	500.000
Nýsköpunarnet Vesturlands ses.	30.000	30.000
	58.875.538	338.286.003
Samtals eignarhlutir í félögum	186.375.538	404.520.657

Skýringar

8. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar (-inneignar) á árinu greinast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	7.274.269
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(2.365.422)
Tekjuskattur til greiðslu 2026 vegna 2025	0
	<u>4.908.847</u>
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu	<u>2.365.422</u>
	7.274.269

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	43.638.196	41.055.790
Viðskiptakröfur	(864.085)	(822.938)
Frestun gengismunar	(779)	(55.951)
Yfirfæranlegt tap	(67.431.940)	(62.616.357)
	<u>(24.658.608)</u>	<u>(22.439.456)</u>
Inneign færð niður vegna óvissu um nýtingu	<u>31.932.877</u>	<u>29.713.725</u>
	7.274.269	7.274.269

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skattinneign ekki færð til eignar að fullu í efnahagsreikningi.

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2026 vegna skattalegs taps á árinu 2025. Yfirfæranlegt tap greinist þannig:

Tap ársins 2016, nýtanlegt til ársloka 2026	19.931.211
Tap ársins 2017, nýtanlegt til ársloka 2027	12.646.191
Tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028	8.598.663
Tap ársins 2019, nýtanlegt til ársloka 2029	67.228.129
Tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030	66.722.723
Tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031	74.056.478
Tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032	29.497.712
Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033	663.985
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034	18.032.837
Tap ársins 2025, nýtanlegt til ársloka 2035	15.703.858
	<u>313.081.787</u>

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2025	2024
Hagnaður (tap) fyrir skatta	<u>(20.914.264)</u>	<u>(5.701.922)</u>
Reiknaður tekjuskattur miðað við 20% skattshlutfall	(4.182.853)	(1.197.404)
Óskattskyldar tekjur	1.813.150	(5.302.312)
Varanlegir mismunir	4.280	4.389
Yfirfæranlegt tap fært niður vegna óvissu um nýtingu	<u>2.365.422</u>	<u>6.495.327</u>
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	0	0

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur	31.924.789	30.272.535
Niðurfærsla viðskiptakrafna	<u>(4.114.691)</u>	<u>(4.114.691)</u>
Viðskiptakröfur, nettó	27.810.098	26.157.844

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Skýringar

10. Eigið fé

Stofnsjóður og bundið fé

Stofnsjóðseigendur eru 2.017 og hafa rétt til vaxtagreiðslu en ekki annan rétt til eiginfjár KB en hlut sinn í stofnsjóði. Stofnsjóðseigendur í upphafi árs voru 2.076.

Matsbreyting fjárfestingareigna

Á gangvirðisreikning er færður mismunur á markaðsverði og kostnaðarverði fjárfestingareigna að teknu tilliti til áhrifa tekjuskatts.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnsjóður og bundið fé	Matsbreyting fjárfestingar- eigna	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árslok 2024:				
Staða í ársbyrjun	13.524.027	168.657.423	264.808.978	446.990.428
Breyting stofnsjóðs	(132.531)			(132.531)
Hagnaður (tap) ársins	0	13.385.924	(19.087.846)	(5.701.922)
Staða í árslok	13.391.496	182.043.347	245.721.132	441.155.975

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	11.722.996
Menningarsjóður	1.668.500
	<u>13.391.496</u>

	Stofnsjóður og bundið fé	Matsbreyting fjárfestingar- eigna	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Árslok 2025:				
Staða í ársbyrjun	13.391.496	182.043.347	245.721.132	441.155.975
Breyting stofnsjóðs	22.327			22.327
Hagnaður (tap) ársins	0	7.291.477	(28.205.741)	(20.914.264)
Staða í árslok	13.413.823	189.334.824	217.515.391	420.264.038

Stofnsjóður og bundið eigið fé greinist þannig:

Stofnsjóður félagsmanna	11.745.323
Menningarsjóður	1.668.500
	<u>13.413.823</u>

Skýringar

11. Langtímaskuldir

Verðtryggð lán	615.724.651
	<u>615.724.651</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok árs greinast þannig:

Árið 2026	13.710.218
Árið 2027	14.680.608
Árið 2028	15.724.126
Árið 2029	16.846.496
Árið 2030	198.655.214
Síðar	356.107.989
	<u>615.724.651</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 615.724.651 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir næstu 12 mánaða, færðar meðal skammtímaskulda	13.710.218
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	602.014.433
	<u>615.724.651</u>

12. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn félagsins, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2025	2024
Seld þjónusta og vörur	3.744.000	3.744.000
Keypt þjónusta	0	0
Kröfur á tengda aðila í árslok	2.055.423	0
Skuldir við tengda aðila í árslok	0	4.587.135

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

Engin niðurfærsla hefur verið færð vegna lána til tengdra aðila.

13. Aðrar upplýsingar

Veðsetningar

Fasteignir og fjárfestingareignir félagsins, sem bókfærðar eru á 464,1 milljónir króna eru veðsett fyrir langtímaskuldum sem námu 615,7 milljónum króna á sama tíma.

Félagið er í ábyrgðum vegna skulda tengdra aðila sem námu að fjárhæð kr. 496,3 millj. í árslok 2025.

Vátryggingar

Vátryggingaverðmæti vörubirgða nam krónur 167,2 milljónir í árslok.

Skýringar

14. Sjóðstreymi

	2025	2024
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi samkvæmt sjóðstreymi greinast þannig:		
Verðbætur á langtímaskuldir/-kröfur	8.559.240	12.203.404
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	9.065.752	(19.888.585)
	<u>17.624.992</u>	<u>(7.685.181)</u>
 Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:		
Greiddir vextir	(47.239.575)	(54.675.562)
Innborgaðar vaxtatekjur	4.476.966	5.062.683
Innborgaður arður	0	8.215.686